

4.fundur – 9.janúar 2018

Mættir voru Haukur, María, Rúnar, Bjarney, Hrafnkell, Dominika, Guðrún, Berglind, Anna, Páll, Jóhanna, Áskell.

Tilkynnt forföll: Sigrún og Ingi Þór, Erla og Rabbi, Kolbrún og Jón Þór

1. Rætt um lengd og form fundargerða. Stefnt að því að hafa þær stuttar og kjarnyrtar og fara yfir þær í lok funda.
2. Farið yfir fundargerðir skólanefndar og fulltrúi foreldrafélagsins í skólanefnd segist ekki hafa verið boðaður á seinasta fund. Lítur út fyrir að vanti fundargerð fyrir fund 157, 21.nóvember.
3. Jólaföndrið – gekk ágætlega. Hefði mátt auglýsa að það yrði kakó. Vonandi hefð sem vex á næstu árum.
4. Fyrirlestrar samþykktir og skipulagðir.
5. Formaður hitti nemendafélagið eftir seinasta fund í nóvember. Opnað var á samstarf á milli félaganna. Rædd voru önnur málefni þeim ofarlega í huga.
 - A. Skólalóðin. Hreystivöllur illa farinn, viðhald þarfnast. Eldri bekkir eiga ekki auðveldan aðgang að körfuboltavelli. Umferð að bókasafninu ábótavant. Skólalóðir í Grundarfirði áhugaverðar og hægt að leita að innblæstri. Skólalóðin í Vesturbæjarskóla óhefðbundinn efniviður.
 - B. Félagsmiðstöðin. Núverandi húsnæði óviðeigandi.
 - C. Íþróttadagur, samstarf við Grundarfjörð. Vantar hæfilegan stað fyrir ball og foreldrafélagið getur að einhverju leyti verið þeim innan handar.
 - D. Í framtíðinni gæti verið gaman að fá nemendaráð á einn fund með foreldrafélaginu.
6. Nefnd um breytingar á lögum foreldrafélagsins hefur fundað og hafið undirbúningsvinnu. Áhersla á samvinnu og skýrari hlutverk.
7. Öskudagurinn 14.febrúar næsta verkefni. Þarf að athuga hvað unglingarnir vilja, ball eða þrautabraut. Hafa samband við Gunnar Svanlaugs til að leiða gönguna og Haffa til að tromma. Sækja um styrki í Bónus, Vífilfell og Ölgerðina, og fyrirtæki sem börnin komast ekki í. Hafa netföng svo allir séu á sömu bls. Foreldrar skiptu með sér verkefnum.
8. Önnur mál.
 - A. Valgreiðsla, gjaldkeri lagði fram að gjaldið yrði 2200 kr eins og áður, það var samþykkt.
 - B. Snjallúr. Spurning hvort sömu reglur eigi yfir þau að ganga og síma. Gott væri að fræðast meira um snjallúr. Formanni falið að tala við skólastjóra.
9. Næsti fundur 6.febrúar kl.20.

Fundi slitið